

Nd.

68. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Haraldur Guðmundsson.

20. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922 orðist svo:

Skylt er skipverjum að sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem stjórnarráðið lætur semja, sbr. lög nr. 41, 19. maí 1930, og er hverjum skipverja skylt að fá bókina hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip, sem er 12 rúmlesta eða stærra. Skal sjóferðabókin ávallt lögð fram við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem um ræðir í 7., 10. og 14. gr.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingardegi og fæðingarári, fæðingarstað (sýslu eða bæ), svo skal og þar vera stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi.

Skipstjóra ber að útfylla og undirskrifa sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi eða þegar lögskráning úr skiprúmi fer fram.

Fyrir brot á þessari grein séu sektir ekki lægri en 150 kr., en að öðru leyti samkv. 25. gr.

Greinargerð.

Aðalefni þeirrar breytingar á lögum um atvinnu við siglingar, sem hér er farið fram á, er þess eðlis, að breytt sé að nokkru um efni sjóferðabóka samkv. lögum nr. 41, 19. maí 1930 (sjómannelög), er atvinnumálaráðuneytinu ætlað að setja reglur um gerð bókanna og innihald, en samkv. núgildandi lögum er slíkt ákveðið, og efnisbreyting verður ekki komið við, nema lögunum sé breytt. Aðalbreytingin er fólgin í því, að vitnisburðargjafir hverfi. Mun það flestra manna mál, að þær séu þýðingarlausar og komi ekki að tilætluðum notum. Aftur á móti eru nokkur dæmi til þess, að vitnisburðargjöf hafi valdið skaða þeim, er hlaut hana, og málaferli hafa átt sér stað út af vitnisburðum. Aðalþýðing bókanna er sú, að farmaður eða fiskimaður geti sannað sjóferðatíma

sinn og hvaða starfi hann hafi gegnt á hverju skipi. Á Norðurlöndum víðast hvar eru þessir vitnisburðir í sjóferðabókunum lagðir niður, og jafngömul siglingaþjóð eins og Bretar hafa aldrei haft þá.

Frumv. er borið fram samkv. ósk Sjómannafélags Reykjavíkur.